

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Reykjanesbraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun á svæði Reykjanesbrautar þar sem skipulagi var frestað er skilgreind þannig að stofnbrautin er sýnd ásamt tengibrautum innan marka skipulagsbreytingarsvæðisins. Meginönguleiðum er breytt lítilla frá gildandi skipulagi til samræmis við verkhönnun og deiliskipulag og sýnd er lega undirganga fyrir göngustíga.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

Nr. 492

9. júní 2004

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012, stækkun þéttbýlis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012 frá 11. febrúar 2001.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Þéttbýli er stækkað til norðurs og vesturs.
- Íbúðarsvæði er stækkað til norðurs og vesturs og kemur í stað landbúnaðarsvæðis. Gert er ráð fyrir 230-240 íbúðum á svæðinu (Í10) miðað við blandaða húsagerð og allt að 645 íbúum.
- Reitur SF1 þar sem skipulagi var frestað verður verslunar- og þjónustusvæði (V6).
- Reitur SF2 þar sem skipulagi var frestað verður athafnasvæði (A5).
- Miðsvæði M er stækkað til norðvesturs.
- Nýtt iðnaðar- og námusvæði I4.
- Nýtt iðnaðarsvæði I5.
- Ný vegtenging og nýir tengivegir inn á fyrirhugað íbúðarsvæði.
- Breytt afmörkun iðnaðarsvæðis I1 og breyting á afmörkun opins svæðis til sérstakra nota og íbúðarsvæðis I8 til samræmis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fellahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.